



Velferðarráðuneytið
b.t. Eyglóar Harðardóttur
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík

UMBOÐSMAÐUR BARNNA	
Bnr: 8.1.0	Mótt: 6/9 '13
Ábmr:	Fvlgiaðon:

Reykjavík, 6. september 2013

UB:1309/8.1.0

Efni: Úrræði fyrir börn með alvarlegan vímuefna- og afbrotavanda.

Vísað er til bréfs velferðarráðuneytisins, dags. 26. ágúst sl., þar sem er að finna svar ráðuneytisins við fyrirspurn umboðsmanns barna um úrræði fyrir börn með alvarlegan vímuefna- og afbrotavanda.

Umboðsmaður barna þakkar ráðuneytinu fyrir hreinskilin svör en lýsir um leið vonbrigðum sínum með að ráðuneytið telji ekki mögulegt að koma á fót nýju úrræði fyrir börn með alvarlegan hegðunar- eða vímuefnavanda. Framkvæmd undanfarinna ára hefur sýnt að þau úrræði sem eru nú þegar til staðar og ráðuneytið vísar til í fyrrnefndu bréfi duga ekki til. Umboðsmaður telur því íslenska ríkið brjóta skyldur sínar samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að þessu leyti. Í þessu sambandi má einnig benda á að svar ráðuneytisins gengur þvert á framkvæmdaáætlun í barnavernd sem samþykkt var á Alþingi í mars 2013. Í áætluninni segir að stefnt skuli að því að efla þjónustu og verklag með nýrri meðferðarstofnun fyrir unglinga í alvarlegum vímuefna- og afbrotavanda.

Umboðsmaður barna skorar á velferðarráðuneytið að endurskoða þá afstöðu sem fram kemur í fyrrnefndu bréfi. Aðstæður í ríkisfjármálum geta ekki réttlætt brot á grundvallarréttindum barna. Í því sambandi er rétt að benda á að ríkinu er skylt að veita hagsmunum barna forgang þegar teknar eru ákvarðanir um úthlutun fjármuna, sbr. 3. gr. Barnasáttmálans um að það sem er barni fyrir bestu skuli hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir sem varða börn með einum eða öðrum hætti.

Virðingarfyllst,

Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna